

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi – Naustahverfi, 1. áfangi, Hólmatún 1-3 og 5-9.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. október 2012 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Hólmatún 1-3 og 5-9.

Breytingin felur í sér að lóðarmörk milli lóðanna færast að hluta til um 1,1 m til vesturs. Byggingarreitur á lóð nr. 5-9 stækkar um 1,1 m til vesturs.

*Breyting á deiliskipulagi – Naustahverfi, 1. áfangi, Vörðutún 2, 4 og 6.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 2. október 2012 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Vörðutún 2, 4 og 6.

Breytingin felur í sér að lóðirnar stækka um 2 m til suðurs.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 3. október 2012,*

**Anna Bragadóttir,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. október 2012